

Samþykkt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um. Ráðið starfar einnig á vegum borgarstjórnar skv. 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 þegar það fer með verkefni heilbrigðisnefndar.

Verksvið

2. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð skal móta stefnu í umhverfis- og náttúruverndarmálum. Ráðið skal taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs um mál sem varða verksvið þess þ.m.t. verkefni heilbrigðisnefndar. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri umhverfis- og skipulagssviðs og að samþykktum og stefnumörkun á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Umhverfis- og skipulagssvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar, þó með þeim takmörkunum að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur annast framkvæmd stefnu og verkefna heilbrigðisnefndar og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar vegna þess.

3. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. einnig reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973 með síðari breytingum auk verkefna er lúta að lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfis- og heilbrigðisráð fer með verkefni heilbrigðisnefnda samkvæmt II. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þá fer umhverfis- og heilbrigðisráð með málefni Vinnuskóla Reykjavíkur.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur umhverfis- og heilbrigðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

A. Á sviði umhverfis- og náttúruverndar:

1. Gerir tillögu til borgarráðs að umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur og ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.
2. Gerir tillögu til borgarráðs að stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og aðgerðaáætlun til innleiðingar á henni
3. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu hvað snertir fólkvanga og friðlýst svæði sem hún á hlutdeild að, enda sé það ekki falið öðrum aðilum.
4. Fylgist með vörslu og lausagöngu búfjár og gerir tillögu til borgarráðs að samþykkt um búfjárhald. Hefur umsjón með afréttum og beitarlöndum.
5. Stuðlar eftir megni að fegrun borgarinnar og snyrtilegri umgengni.
6. Fylgist með framkvæmdum og umhirðu á útivistar- og grænum svæðum í borginni.

B. Á sviði heilbrigðis- og hollustuhátta:

1. Mótar stefnu í úrgangsmálum, þ.m.t. sorphirðu/meðhöndlun úrgangs og sér um gerð innleiðingaráætlunar.
2. Vinnur að fræðslu um hollustuhætti og umhverfismál.

C. Málefni heilbrigðisnefndar:

1. Hefur eftirlit með og stuðlar að bættri framkvæmd mengunar-, hollustuhátta-, matvæla-, og dýraeftirlits í Reykjavík.
2. Fylgist með framkvæmd sorphirðu.
3. Gerir tillögur til borgarráðs um sérstakar heilbrigðissamþykktir, s.s. samþykktir um hundahald og kattahald, og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
4. Gerir tillögur til borgarráðs að gjaldskrár fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit og dýrahald skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

D. Á sviði Vinnuskóla Reykjavíkurborgar:

1. Er stefnumótandi um starfsemi Vinnuskólans og vinnur að þeim megintilgangi skólans að skapa hollt uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglinga í Reykjavík og bjóða nemendum fjölbreytt vinnubrögð og fræðslu.
2. Gerir tillögur til borgarráðs um launagreiðslur til nemenda Vinnuskólans.
3. Vinnur að samstarfsverkefnum við skóla- og frístundaráð.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Þegar ráðið hefur til umfjöllunar málefni heilbrigðisnefndar situr þann hluta fundarins fulltrúi tilnefndur af samtökum atvinnurekenda sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Umhverfis- og heilbrigðisráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður umhverfis- og heilbrigðisráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda þó með þeim takmörkunum að framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana, rekstri og stjórnsýslu Heilbrigðiseftirlitsins í samræmi við skilyrði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð heldur að jafnaði einn til tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráði þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, skipulagsfulltrúi og skrifstofustjórnari sviðsins sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá til sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Skrifstofa sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Skrifstofustjóri sviðsstjóra ber ábyrgð á fundarritun. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjóra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Umhverfis- og heilbrigðisráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Umhverfis- og heilbrigðisráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyrir og felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsörðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Ráðið afgreiðir sérstaklega starfs- og fjárhagsáætlun vegna málefna heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs.

Tillögur að breytingum á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Umhverfis- og heilbrigðisráð ræður framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits til fimm ára í senn að fenginni tillögu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og heilbrigðisfulltrúa, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs ræður í aðrar stjórnunarstöður á umhverfis- og skipulagssviði. Stjórnendur umhverfis- og skipulagssviðs ráða aðra starfsmenn á starfsstaði sviðsins.

Fullnaðarafgreiðslur

12. gr.

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fer skv. viðauka 2.3 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Málsmeðferð

13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu umhverfis- og heilbrigðisráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvæðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og heilbrigðisráð taka málið upp að nýju. Komi upp ágreiningur milli borgarráðs og heilbrigðisnefndar um endurupptöku máls skal með hann farið í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, eða til ráðherra. Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu umhverfis- og heilbrigðisráðs til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 4. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar frá 10. júlí 2014 og samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd Reykjavíkur frá 18. desember 2018.

*Samþykkt í borgarstjórn
18. desember 2018*

DRÖG